

1865.
7. apríl.

aptur frá Íslandi. Það er líka að vorri hyggju haganlegast einkum vegna þess, að það er mjög svo áriðandi, að skipið fari beina leið til Íslands, ef það á að geta úorkað nokkru íslenzku fiskimönnunum í hag, þaræð nú er þegar orðið nokkuð áliðið.

29. apríl.

29. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um, að skip þau, er eiga heima í konungsríkinu Ítalíu, sæu undanþegin aukagjaldi, er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja.

Eptir samningi um siglingar og kaupverzlun, er gjörður var 1. dag maímánaðar f. á. millum konungsríkjanna Danmerkur og Ítalíu, sæta dönsk skip sömu kjörum og innlend skip um alla verzlunartolla og skipagjöld í hinu síðarnefnda konungsríki. Fyrir því eru skip þau, er eiga heima í konungsríkinu Ítalíu, þá er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, undanþegin að greiða aukagjald það, 2 rd. af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er með konungsrúskurði, dagsettum 1. dag aprílmánaðar 1856, sem birtur er með auglýsing frá dómsmálastjórninni, dagsettri 2. dag sama mánaðar.

Þetta kunngjörist hérmeð öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Í dómsmálastjórninni, 29. dag aprílmánaðar 1865.

Bræstrup.

Fr. Reinhardt.

8. maí.

30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um jörðina Kirkjuból í Grunnavíkur hrepp.

Í bréfi dómsmálastjórnarinnar dags. 26. maímán. 1860 er svo fyrir mælt, að jörðin Kirkjuból í Grunnavíkur hrepp í Ísafjarðar sýslu skuli lögð undir Barðastrandar og Álptafjarðar jarða umböð, og var skorað á yður, herra amtmáður, að gefa

1865.

8. maí.

gætur að því, að gjöra má jörð þessa byggilega, þó hún hafi verið í eyði seinustu árin, og byggja hana landseta, í stað þess að búendunum á Reykjarfirði þá var leyft að nota hana, voruð þér beðnir um að skipa umboðsmanni að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf væri á í þessu efni.

Dómsmálastjórnin hefir nú samt fengið vísbending frá reikningastjórnardeild konungsríkisins um, að ekki hafi allt til þessa verið tilfærðar neinar tekjur af jörðinni Kirkjubóli í reikningum umboðsmanns þess, sem hlut á að, og skorum vèr því á yður, herra amtmaður, samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar, því, er áður var um getið, að koma fram með uppástungu um, hvernig nota megi jörð þessa.

31. Leyfisbréf handa lyfsölumanni Pètri H. J. Hansen, til að hafa lyfjabúð á Akureyri í norður- og austur-umdæminu á Íslandi.

8. maí.

- Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Að Vèr eptir þegnlegri bænarskrá og ósk Péturs Hinriks Jóhanns Hansens, lyfsöllumanns, höfum allramildilegast heimilað honum og leyft, einsog Vèr hërmeð heimilum honum og leyfum, að hann megi hafa lyfjabúð á Akureyri í norður- og austur-umdæminu á Voru landi Íslandi. og leita sèr þar atvinnu á löglegan hátt sem lyfsölumaður; og ber honum í öllum greinum að hegða sèr eptir þeim tilskipunum, sem allramildilegast hafa útgefnar verið um lyfsöllumenn, hinni lögskipuðu lyfjaverðlags-skrá, og þeim eiði, sem hann þegnlega unnið hefir, en aptur á móti höfum Vèr allramildilegast heimilað honum og leyft, að hann megi njóta þeirra einkaréttinda, sem um er rædt í greindum tilskipunum, og sem þær leyfa lyfsöllumönnum að njóta, og eiga hlutaðeigandi embættismennu í öllum greinum að styrkja hann og vernda rétt hans í því efni. Að öðru leyti er það skylda hans, að vera búinn að koma lyfjabúðinni á fót áður en ár er liðið frá því að þetta leyfisbréf Vort er dagsett, og skal